

Vestmannaeyjabær
Dagný Hauksdóttir
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík, 25. maí 2021
UST202105-251/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Nýtt athafnasvæði við Dalaveg - Vestmannaeyjabær

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar er barst 21. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði (AT-3) í Vestmannaeyjum á svæði.

Í greinargerð kemur fram helsta markmið deiliskipulagsins er að fjölga lóðum fyrir blandaða atvinnustarfsemi í Vestmannaeyjum og skapa aðstæður fyrir fjölbreytta starfsemi.


Auk þess segir að deiliskipulagið gerir ráð fyrir 19 lóðum, þar af eru 17 lóðir fyrir blandaða atvinnu- og athafnastarfsemi, 1 lóð fyrir spennistöð og syðst á svæðinu er lóð án byggingarheimilda sem gert er ráð fyrir að sveitafélagið nýti á framkvæmdatíma. Lögð er áhersla á fjölbreytt framboð lóða og byggingarreita á svæðinu. Lóðir eru frá 435-1400 m² að stærð og byggingarmagn á lóð frá 240 – 1200 m².

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur